



## **SAMSTAÐA HJÁLPAR SJÚKUM**

### **Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar Verndara landssöfnunar Hjartaheilla**

Íslendingar hafa iðulega tekið höndum saman í baráttunni við skæða sjúkdóma. Berklaveikinni var útrýmt með átaki almennings og forystusveitar lækna og hjúkrunarfélks. Árangurinn í glímunni við krabbamein hefur einnig náðst vegna víðtækrar þátttöku landsmanna í söfnunum og forvarnarstarfi. Samtök sjúkra og fjölskyldna þeirra hafa á ýmsum sviðum skilað miklu.

Í aldarfjórðung hefur Hjartaheill – Landssamtök hjartasjúklinga verið í fararbroddi víðtæks samstarfs sem stuðlað hefur að lækningu hjartasjúkra og öflugri endurhæfingu sem gert hefur þúsundum kleift að lifa áfram góðu lífi.

Þrátt fyrir þennan árangur og aukinn skilning á mikilvægi hollra lífnaðarháttanna eru hjartasjúkdómar enn langalgengasta dánarorsökin á Íslandi. Í hverri viku lætur rúmlega tugur Íslendinga lífið af þeirra völdum. Og hjartasjúkdómar herja ekki aðeins á roskið fólk; þeir geta líka verið örlög æskunnar, fjöldi barna og ungmenna glímur við veikt hjarta.

Á undanförunum áratugum höfum við samt notið ótrúlegra framfara, árangur lækna hefur vaxið hröðum skrefum og áherslan á mataræði og hreyfingu hefur skipt sköpum. En það er hægt að gera betur. Þá er áriðandi að við eigum kost á að nýta hin bestu tæki, búnað sem vísindamenn og verkfræðingar í fremstu röð hafa hannað og smíðað.


Hin nýju tæki eru í augum okkar leikmanna nánast galdraverk en þau gefa íslenskum læknum kost á að auka lífslíkur sjúklinga og bæta lífsgæði þeirra.

Nú leitar Hjartaheill til þjóðarinnar og biður um stuðning til að efla tækjakost Landspítalans og styrkja þannig til muna þjónustuna sem þar fer fram.

Landssöfnunin er bæði í þágu þess góða málefnis og í tilefni af 25 ára fórnfúsu og árangursríku starfi Landssamtaka hjartasjúklinga.

Stuðningur okkar er því í senn framlag sem auka mun lífslíkur fjöldans og þakkargjörð til þess góða fólks sem um áráraðir hefur helgað baráttunni gegn hjartasjúkdómum krafta sína. Kjörorð söfnunarinnar „Öll þjóðin – eitt hjarta“ felur í sér brýnan boðskap og leiðarljós á framtíðarvegi.

Þjóðin glímir nú við erfiðleika, atvinnuleysi og efnahagslegar þrengingar en Íslendingar hafa áður sýnt að samstaðan í baráttunni við sjúkdóma er jafnan sterk þótt við höfum storminn í fangið. Slík barátta hefur ætíð átt vísan stuðning þjóðarinnar.



Ólafur Ragnar Grímur